



ÁRSSKÝRSLA 2009





ÁRSSKÝRSLA 2009

EFNISYFIRLIT	BLS
STJÓRN RARIK	4
INNGANGUR	5 - 7
STJÓRNSKIPURIT	8
STARFSEMIN 2009	9 - 20
Aðalfundur RARIK 2009	9
Fjármál 2009	10
Dreifikerfi - Framkvæmdir 2009	12
Ýmsar tölulegar upplýsingar	14
Hitaveitur	15
Starfsmannamál	16
RED - RARIK Orkuþróun	17
Orkusalan	18-20
ÁRSREIKNINGUR	21 - 27
SKÝRINGAR VIÐ ÁRSREIKNING	28 - 50
ENGLISH SUMMARY	51 - 52





Árni Steinar Jóhannsson
formaður



Ingibjörg Sigmundsdóttir



Hilmar Gunnlaugsson



Huld Aðalbjarnardóttir



Valdimar Guðmannsson

Stjórn RARIK ohf 2009-2010

Ný stjórn RARIK ohf var skipuð á aðalfundi í maí 2009. Sú breyting varð á stjórn, að í stað Berglindar Hallgrímsdóttur, sem varð varamaður í stjórn, kom Huld Aðalbjarnardóttir. Árni Steinar Jóhannsson tók við fomennsku í stjórn og Valdimar Guðmannsson tók við sem ritari stjórnar. Ingibjörg Sigmundsdóttir var áfram varaformaður.

Stjórn RARIK ohf 2009-2010 skipa: Árni Steinar Jóhannsson formaður, Ingibjörg Sigmundsdóttir, Hilmar Gunnlaugsson, Huld Aðalbjarnardóttir og Valdimar Guðmannsson.

Tryggvi Þór Haraldsson er forstjóri RARIK

Framkvæmdastjórar eru:

Eypór Elíasson (*Framkvæmdasvið*), Ólafur Hilmar Sverrisson (*Fjármálasvið*), Pétur Einir Þórðarson (*Tæknisvið*) og Örlygur Jónasson (*Rekstrarsvið*)

Framkvæmdastjórar dótturfyrirtækja:

Magnús Kristjánsson (*Orkusalan ehf*)
Steinar Friðgeirsson (*RARIK Orkuþróun ehf - RED*)



FRÁ STJÓRNARFORMANNI OG FORSTJÓRA



Tryggvi Þór Haraldsson
forstjóri RARIK



Árni Steinar Jóhannsson,
formaður stjórnar RARIK

Árið 2009 var um margt sérstakt í rekstri RARIK sem markaðist af fjármálakreppu og gengisfalli krónunnar í árslok 2008 og hrjád hefur allt þjóðfélagið. Starfsemi samstæðunnar einkenndist af niðurskurði og aðhaldi bæði í rekstri og fjárfestingum auk talsverðra gjaldskrárhækkana, sérstaklega í einkaleyfisstarfsemi. Bæði fjárfestingaáætlanir og rekstraráætlanir voru í upphafi árs skornar niður og tóku starfsmenn fyrirtækisins á sig tekjuskurðinguna til að ná þeim markmiðum sem sett voru í afkomu fyrirtækisins.

Viðræður við erlenda lánardrottina stóðu yfir allt árið vegna gjaldfellingarákvæða í lánasamningum sem virkjuðust vegna afkomu ársins 2008, en ásætlanlegir samningar náðust að lokum fyrir árslok. Ennfremur var farið í skuldabréfaútboð á árinu sem gekk vel.

Af þessum sökum var kostnaðareftirlit og greiningar á fjárhagsstöðu fyrirtækisins, ásamt langtíma áætlanagerð fyrirferðamikil allt árið. Þrátt fyrir niðurskurð í fjárfestingum voru í gangi samningaviðræður við Orkuveitu Húsavíkur sem leiddu til þess að í nóvember keyptu RARIK og Orkusalan rafdreifikerfi og orkusölu á Húsavík og yfirtóku þann rekstur í ársbyrjun 2010. Rekstur samstæðunnar gekk almennt vel á árinu 2009 og betur en áætlanir gerðu ráð fyrir í upphafi árs.

AFKOMA ÁRSINS

Rekstrarhagnaður af starfsemi RARIK samstæðunnar fyrir fjármagnsliði (EBIT) á árinu 2009 var 1.731 milljón króna sem er betri árangur en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstrarafkoman var mun betri en 2008 sem rekja má m.a. til hækkunar gjaldskrár og hagkvæmrar raforkuframleiðslu í eigin virkjunum, en ekki síður til aðgerða í rekstri sem ráðist var í. Þær aðgerðir fólust m.a. í samningum við starfsmenn um lækkingu launa og styttingu vinnutíma, en einnig í niðurskurði aðkeyptrar þjónustu og annars rekstrarkostnaðar.

RARIK hækkaði gjaldskrá í ársbyrjun um 15% og aftur um 5% í byrjun ágúst. Rekstrartekjur jukust um rúm 11% frá árinu 2008 en rekstrargjöld hækkuðu um tæp 1,8%. Að undanskildum þeim rekstrarþáttum sem fyrirtækið ræður ekki við, svo sem orkukaupum, orkuflutningi og

afskriftum, lækkuðu almenn rekstrargjöld um tæp 9% á milli ára.

Fjármagnsgjöld á árinu 2009 voru umtalsvert hærri en gert var ráð fyrir eða 1.804 milljónir króna sem má að stórum hluta rekja til áframhaldandi veikingar krónunnar og hárra vaxta á innlendum lánum.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður á árinu 697 milljónir króna en rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var 2.843 milljónir króna eða 32,7% af veltu tímabilsins og hefur EBITDA félagsins hækkað um rúm 50% frá árinu 2008. Handbært fé frá rekstri var 1.847 milljónir króna.

Samkvæmt efnahagsreikningi voru heildareignir RARIK í árslok 35.663 milljónir króna, heildarskuldir námu 19.682 milljónum króna, eigið fé var 15.982 milljónir króna og eiginfjárlutfall því 44,8%.

STARFSEMIN Á ÁRINU

Töluverðar framkvæmdir voru á árinu í uppbyggingu og endurnýjun dreifikerfisins, þótt þær væru minni en undanfarin ár. Efniskostnaður sem að stærstum hluta er vegna kaupa á erlendu efni jókst umtalsvert við fall krónunnar, sem hafði þau áhrif að mun minna var hægt





að framkvæma en ella og var gripið til niðurskurðar í fjárfestingum til að vega upp á móti þessu. Um tveir þriðju þess fjármagns sem veitt var í endurnýjun og styrkingu dreifikerfisins fór til verkefna í dreifbýli.

Eins og undanfarin ár var öll endurnýjun línukerfisins með jarðstrengjum og voru lagðir 157 km háþennu-jarðstrengs á árinu og lögð 581 ný heimtaug, þar af 485 í dreifbýli. Er þetta umtalsvert minna en verið hefur undanfarin ár, þegar lagðir voru milli 250 og 300 km af jarðstrengjum á ári og allt að 1000 heimtaugar. Tengingar heimtauga í frístundasvæði voru þó meiri en spár gerðu ráð fyrir og dró ekki úr þeim að ráði fyrr en á haustmánuðum.

Meðal helstu verkefna í dreifikerfinu var bygging nýrrar 33/11kV 10MVA aðveitustöðvar í Reykholti Biskupstungum sem tekin var í notkun á árinu. Með tilkomu aðveitustöðvarinnar og fjölgun útganga frá aðveitustöð á Flúðum mun rekstraröryggi og spennugæði aukast til muna í uppsveitum Árnessýslu.

Hafnar voru framkvæmdir við lögn á 33kV stofnstreng frá Ólafsfirði til Siglufjarðar um Héðinsfjarðargöng og hafin var bygging á nýju aðveitustöðvarhúsi á Siglufirði. Skipt var um 66/19kV spenna í aðveitustöðvunum á Vatnshömrum í Borgarfirði og í Vogaskeiði á Snæfellsnesi. Þá var Gúlsvirkjun í Seyðisfirði tengd dreifikerfi RARIK.

Ennfremur var byggt stálgrindarhús yfir varaafsvélar RARIK á Vopnafirði. Í Lagarfossvirkjun var unnið að endurnýjun á lokumannvirkjum og frágangi vegna stækkunar.

Auk framangreindra verkefna var ráðist í verulegar aðgerðir til að draga úr rekstrarkostnaði. Meðal þess var samkomulag við starfsmenn um að draga úr fastri

eftirvinnu og stytta vinnutíma. Ástæða er til að þakka starfsmönnum sérstaklega fyrir framlag þeirra til góðs árangurs í rekstri fyrirtækisins. Starfsmenn RARIK voru 195 í árslok og starfsmenn dótturfélaga 15, eða alls 210 hjá samstæðunni, en voru 213 árið áður.

DÓTTURFÉLÖG

Í samstæðu RARIK eru nú 3 dótturfélög, *Orkusalan ehf*, *RARIK Orkuþróun ehf. (RED)* og *Ljós- og gagnaleiðari ehf. (LoG)*.

Rekstur Orkusölnunnar gekk vel á árinu og betur en áætlanir gerðu ráð fyrir, en hagnaður í árslok var 83 m.kr. Orkusalan ehf. starfar einungis á samkeppnismarkaði og er með næst mestu markaðshlutdeild í raforkusölu á almennum markaði á eftir Orkuveitu Reykjavíkur. Orkusalan keypti söluhluta Orkuveitu Húsavíkur á árinu og tók yfir söluna þar í ársbyrjun 2010.

Orkusalan á 5 virkjanir og var framleiðsla þeirra umfram áætlanir og hefur aldrei verið meiri. Engar stórvægilegar bilanir urðu á árinu og litlar truflanir á rekstri. Fyrirtækið opnaði á árinu sitt eigið þjónustuver á Akureyri, en einnig var unnið að viðamiklum endurbótum á þjónustuvef fyrirtækisins. RARIK keypti hlut Orkubús Vestfjarða í Orkusölnunni á árinu og er hún nú að fullu í eigu RARIK. Starfsmenn Orkusölnunnar voru 14 í árslok 2009.

RARIK Orkuþróun ehf. (RED) heldur utan um ráðgjafa- og þróunarverkefni RARIK hér heima og erlendis. Meðal þeirra eru undirbúningsrannsóknir vegna Hólmsárvirkjunar, en í samvinnu við Landsvirkjun fékkst leyfi fyrir rannsóknunum þar á árinu. Sömuleiðis var sótt um rannsóknarleyfi fyrir Sjávarorku ehf. vegna sjávarfalla-

virksunar í Hvammsfirði og var leyfið veitt í janúar 2010. Þá var áfram unnið að rannsóknum vegna virkjana í Héraðsvötnum í Skagafirði og í Ölfusdal við Hveragerði.

Af erlendum verkefnum bar hæst að hjá Bláfall Energi AS í Noregi var tekin í notkun fyrsta virkjunin á árinu og í Tyrklandi var hafist handa við rannsóknir á jarðhitasvæðinu við Salihli sem er í Vestur - Tyrklandi. Á árinu var opnuð ný vefsíða undir vefslóðinni www.red.is. Hjá RED er einn starfsmaður.

RARIK stofnaði dótturfélagið Ljós- og gagnaleiðara ehf. á árinu 2009 til að halda utan um ljósleiðara eignir samstæðunnar. Félagið sótti um og fékk fjarskiptaleyfi sem er forsenda þess að mega leigja út ljósleiðara sem félagið á, meðal annars í Örafum. Ekki er ráðgert að fara í rekstur fjarskiptakerfa að öðru leyti og enginn starfsmaður er hjá fyrirtækinu.

KAUP Á RAFDREIFIKERFINU Á HÚSAVÍK

RARIK og Orkuveita Húsavíkur (OH) tóku snemmsumars upp viðræður um kaup RARIK á rafdreifikerfi Húsavíkur. Jafnframt hóf Orkusalan viðræður um að yfirtaka orkusölu OH. Viðræðurnar leiddu til þess að 6. nóvember var undirritaður samningur um kaup RARIK og Orkusölnnar á raforkuhluta OH, þ.e. dreifingu rafmagns og raforkusölu, ásamt kaupum á framleiðslu virkjunar Orkuveitunnar.

Viðskiptavinir OH urðu frá og með 1. janúar 2010 viðskiptavinir RARIK og Orkusölnnar eins og aðrir íbúar sveitarfélagsins Norðurþings.

REKSTRARUMHVERFI ORKUFYRIRTÆKJA

Vinna við endurskoðun raforkulaga er í gangi og vonast er til að frumvarp verði lagt fyrir Alþingi á árinu 2010. Sjaldan hefur verið eins nauðsynlegt að huga að rekstrarumhverfi fyrirtækja eins og nú til að tryggja að þau geti sinnt sínu hlutverki og starfað við eðlilega arðsemi. Nauðsynlegt er að breyta núverandi reglum um tekjumörk og arðsemi einkaleyfisfyrirtækja bæði í raforkuflutningi og dreifingu, til að gefa þeim möguleika á að standa við skuldbindingar sínar varðandi afhendingargæði og afhendingaröryggi.

Ýmislegt bendir til að í þeirri vinnu sem nú er unnin verði tekið á þessu með þeim hætti að rekstrargrunnur þeirra verði tryggður til framtíðar.

RARIK hefur lengst af ekki nýtt sér að fullu þær heimildir til hækkunar gjaldskrár sem tekjurammi þess heimil- ar skv. lögum, sérstaklega ekki í dreifbylinu þar sem raforkukostnaður heimila er hæstur. Slíkt er aðeins hægt að gera í skamman tíma með því að skera niður rekstur og nauðsynlegar framkvæmdir eða ganga á eigið fé.

Nú getur fyrirtækið ekki annað en nýtt þær tekjuheimildir sem það hefur, sem duga þó hvergi til að standa undir eðlilegri afkomu af rekstrinum eða eðlilegri endurnýjun dreifikerfisins og því var nauðsynlegt að hækka





gjaldskrá talsvert á liðnu ári og í byrjun þessa árs. Þetta kemur við alla viðskiptavini fyrirtækisins, en mest þó við íbúa í dreifbýli, en gagnvart þeim hafa stjórnvöld ekki staðið við þau áform að útvega fjármagn á fjárlögum sem dugir til að verðjafna milli þéttbýlis og dreifbýlis, eins og gert var ráð fyrir við setningu raforkulaga 2003. Þá hafa á árinu 2010 bæst við orkuskattar á almenna raforkunotkun. Þrátt fyrir þetta er rétt að hafa í huga að raforkuverð hér á landi er mun lægra en í nágrannalöndum okkar og þótt víðar væri leitað.

Hins vegar liggur það í loftinu að ef ekki verða breytingar á gengi krónunnar hlýtur raforkuverð að hækka enn frekar í náinni framtíð. Breyting á raforkulögum þarf að taka tillit til þess umhverfis sem fyrirtækin búa við og tryggja að þau geti viðhaldið og endurnýjað flutnings- og dreifikerfin og tryggt eðlilega þjónustu og gæði, því í nútíma þjóðfélagi er umtalsvert dýrara að vera án rafmagns en með það.

Nú hillir undir að öðrum áfanga Rammaáætlunar ljúki og er óskandi að hægt verði að ná sátt um hvaða virkjanakosti skuli vernda og hvaða kosti skuli virkja.

Slík sátt mun auðvelda orkufyrirtækjum allan undirbúning að virkjanafarmkvæmdum og spara verulegar upphæðir sem fara í rannsóknir á virkjanakostum sem síðan er hafnað.

Arni Steinar Þorsson
Tyggvi Þ. Haraldsson





AÐALFUNDUR RARIK 2009

Aðalfundur RARIK ohf 2009 var haldinn 29. maí í húsakynnum fyrirtækisins í Reykjavík. Í máli Tryggva Þórs Haraldssonar forstjóra kom m.a. fram að ársreikningur RARIK ber greinileg merki þeirra sviptinga sem urðu í fjármálalegu tilliti hér á landi og í alþjóðlegu fjármálalífi á árinu 2008. Tap var á rekstri samstæðunnar á árinu 2008 sem nemur 7.232 milljónum króna en rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var 1.884 milljónir króna. Rekstrarhagnaður af starfsemi RARIK fyrir fjármagnsliði (EBIT) á árinu 2008 var 979 milljónir króna sem er í samræmi við áætlanir og nokkuð betri en árið áður.

Sú breyting varð á stjórn, að í stað Berglindar Hallgrímsdóttur kom Huld Aðalbjarnardóttir. Árni Steinar Jóhannsson tók við fomennsku í stjórn og Valdimar Guðmannsson tók við sem ritari stjórnar. Ingibjörg Sigmundsdóttir var áfram varaformaður.

Hilmar Gunnlaugsson fráfarandi formaður stjórnar flutti ávarp, þakkaði Berglindi gott samstarf og lauk máli sínu með þessum orðum:

„Ég vil nota þetta tækifæri og þakka meðstjórnarmönnum mínum, forstjóra og öðrum starfsmönnum

kærlega fyrir samstarfið á liðnu ári. Það er samhentur og öflugur hópur sem starfar hjá þessu fyrirtæki og ég kvíði ekki framtíð RARIK ohf. Fyrirtækið er í góðum höndum.“

Ingibjörg K. Eiríksson bar fundinum kveðju Steingríms J. Sigmundssonar, fjármálaráðherra, sem ekki gat mætt á fundinn.

Stjórn RARIK ohf 2009-2010 skipa: Árni Steinar Jóhannsson formaður, Ingibjörg Sigmundsdóttir, Hilmar Gunnlaugsson, Huld Aðalbjarnardóttir og Valdimar Guðmannsson.

FERÐ STJÓRNAR

Stjórn RARIK fór í sína árlegu heimsókn á veituvæði RARIK dagana 27.-28. ágúst. Í þessari ferð heimsótti stjórnin Norðurland eystra og átti fundi með starfsmönnum og sveitarstjórnarmönnum að venju.

Fyrri daginn voru fundir á Dalvík og á Svalbarðsströnd og starfsstöð RARIK á Akureyri heimsótt. Síðari daginn var fundur í Mývatnssveit með sveitarstjórnarmönnum austan Eyjafjarðar. Þessir gagnlegu fundir eru mikilvægur þáttur í því að kynnast sjónarmiðum íbúa á veituvæðunum.



FJÁRMÁL

Hjá RARIK eins og mörgum íslenskum fyrirtækjum einkenndist árið 2009 af viðbrögðum við þeirri fjárhagsstöðu sem við blasti í árslok 2008. Við gerð fjárhagsáætlunar var ákveðið að rekstrarkostnaður yrði ekki hærrí en árið 2008 og áætlun um fjárfestingu var lækkuð. Til þess að ná þessum markmiðum var tiltekn- um fjárfestingum frestað og ráðstafanir gerðar til þess að lækka rekstrarkostnað meðal annars með samningum við starfsmenn um niðurskurð á yfirvinnu en auk þess var dregið úr aðkeyptri þjónustu og almennt aðhald í rekstri aukið.

Vegna afkomu ársins 2008 og hlutfallslegra hárra vaxtagreiðslna á árinu var RARIK í þeirri stöðu í ársbyrjun 2009 að gjaldfellingarheimild varð virk vegna lána- samnings við erlendan lánveitanda. Í ljósi efnahagslegrar óvissu og stöðu Íslands óskaði þessi erlendi lánveitandi eftir frekari tryggingum vegna lánasamningsins.

Á árinu 2009 fóru fram viðræður vegna þessa og skil- uðu þær þeim árangri að í árslok var gengið frá samkomu- lagi sem tryggir RARIK óbreytt lánskjör á lánasamning- inn út lánstímann en álag á vexti var aukið tímabundið meðan skilyrði samningsins voru ekki uppfyllt. Niðurstaða ársreiknings RARIK 2009 er þannig að öll skilyrði lána- samninga RARIK eru uppfyllt og tímabundið álag á vexti hefur þar með verið fellt niður.

ALMENNT UM REKSTURINN 2009

Rekstrarhagnaður ársins 2009 (EBIT) var 1.731 milljón króna sem er a.m.k. besti rekstrarárangur sem náðst hefur frá því RARIK var gert að opinberu hlutafélagi árið

2006. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) hefur aukist sem hlutfall af veltu, þetta hlutfall var um 33% árið 2009 en um 18% árið 2007. Ástæður þessa árangurs í rekstri eru eins og að framan greinir töluverður niðurskurður á rekstrarkostnaði en einnig að gjaldskrá vegna dreifingar var hækkuð umfram verðlagshækkunar á árinu 2009.

Tekjur af dreifingu rafmagns, sem er einkaleyfis starfsemi, voru á árinu 2009 í samræmi við þau tekjumörk sem Orkustofnun setur þeim hluta starfseminnar og er þetta fyrsta árið, frá því þessi skipan mála komast á, sem RARIK nær að nýta sína tekjuheimild innan ársins.

RARIK hækkaði gjaldskrá vegna dreifingar rafmagns tvívegis á árinu 2009, fyrst í ársbyrjun um 15% og síðan í ágúst um 5%. Hækkun á gjaldskrá hitaveitna hjá RARIK var 11,5% frá og með 1. mars 2009. Þá hækkaði Orkusalan verð á rafmagni um 3,75% þann 1. júlí og kom sú hækkun í kjölfar hækkunar á heildsöluverði frá Landsvirkjun um 7,5% frá sama tíma.

Rekstrartekjur ársins voru 8.703 milljónir króna sem er hækkun um 11% frá árinu áður. Rekstrargjöldin voru 6.973 milljónir króna sem er hækkun um tæp 2% frá fyrra ári. Ef skoðuð eru rekstrargjöld árána 2007-2009 kemur í ljós að rekstrarkostnaður RARIK er nánast óbreyttur frá árinu 2007 í krónum talið þrátt fyrir þær verðlagsbreytingar sem orðið hafa á þessu árabili. Fjármagnsgjöld voru 1.804 milljónir króna sem er nokkuð hærra en áætlað hafði verið sem einkum má rekja til þess að veiking krónunnar hélt áfram á árinu 2009 en áætlanir gerðu ráð fyrir að hún styrktist. Rekstrarniðurstaða RARIK fyrir áhrif hlutdeildarfélag og skatta er tap sem nemur um 73 milljónum króna. Áhrif hlutdeildarfélagins Landsnets eru jákvæð um 331 milljón króna og reiknuð áhrif vegna breytinga á tekjuskattsprósentu fyrirtækja og tekjuskatti eru jákvæð um 440 milljónir króna gera það að verkum að hagnaður ársins er 697 milljónir króna.

Heildareignir RARIK samkvæmt efnahagsreikningi eru 35.663 milljónir króna, skuldir námu 19.682 milljónum króna og því er eigið fé 15.982 milljónir króna og er eiginfjárlutfall um 45%. Eigið fé RARIK hækkar milli ára sem nemur niðurstöðu rekstrar en einnig vegna þess að á árinu 2009 voru virkjanir endurmetnar. Matið byggðist á núvirtu tekjuflæði hvernir virkjunar fyrir sig. Við mat á tekjum tóku þær mið af stöðu 12 ára samnings Landsvirkjunar um mitt ár 2009 en samningurinn er frá árinu 2005. Endurmatið er miðað við 5,5% raunvexti. Endurmatið skilar 1.597 milljónum króna hækkun á eigið fé RARIK að teknu tilliti til tekjuskatts.


FJÁRMÖGNUN

Óþarft er að rekja þróun á fjármálamarkaði á árinu 2008, hún er öllum kunn. RARIK hafði frá því í árslok 2007 leitað eftir erlendu láni m.a. til þess að ljúka fjármögnun síðari áfanga Lagarfossvirkjunar sem tekin var í notkun í október árið 2007. Greinilegt var strax á fyrri hluta árs 2008 að mun erfiðara var að fjármagna íslensk verkefni

hjá erlendum aðilum en áður hafði verið. Þegar ljóst varð, í október 2008, að þessi möguleiki væri ekki fyrir hendi var hafist handa við að leita eftir fjármögnun á innlendum markaði. Aðstæður á íslenskum fjármálamarkaði í byrjun árs 2009 voru mjög sérstakar. Mikil óvissa ríkti um flesta hluti, mögulegum útgefendum skuldabréfa í almennum útboðum hafðifækkaðverulega og kaupendur voru nánast eingöngu lífeyrissjóðir. Upplýsingar voru misvísandi um framboð skuldabréfa frá þeim útgefendum sem enn voru taldir geta gefið út skuldabréf. Ljóst var að við þessar aðstæður voru það afar fá fyrirtæki sem gætu efnt til skuldabréfaútboðs með góðum árangri. Ákveðið var að skuldabréfaútboð RARIK yrði allt að 3 milljarðar króna. Viðtökur við útboðinu voru góðar og umframtirspurn og því ákveðið að hækka það um 1 milljarð króna. Var það gert m.a. í því skyni að nýta mætti það fjármagn til sérstakra verkefna. Það er umhugsunarvert að vextir sem fengust í þessu útboði eru hærri en sú ávöxtun sem heimiluð hefur verið samkvæmt raforkulögum í einkaleyfishluta RARIK frá því þau lög tóku gildi.

FRAMTÍÐIN

Rekstur og efnahagur RARIK er traustur. Áætlun fyrir árið 2010 gerir ráð fyrir að því áfram verði beitt aðhaldi í rekstri og sambærilegir samningar náist við starfsmenn um niðurskurð yfirvinnu og gerðir voru árið 2009. Þá er áætluð fjárfesting á árinu 2010 svipuð og niðurstaðan varð árið 2009.



Áætlanir RARIK til lengri tíma gera ráð fyrir að fjármagnskostnaður lækki og afkoman batni á árunum 2011 og 2012 en sú niðurstaða er háð ýmsum óvissuþáttum, ekki síst hver þróun efnahagsmála verður hér á landi næstu misserin.





Aðveitustöð RARIK að Sómastöðum í Reyðarfirði var lögð niður á árinu, en hún hafði þjónað við uppbyggingu álvers Alcoa í Reyðarfirði, ásamt því að veita orku til Mjóeyrarhafnar. Aðveitustöð RARIK að Stuðlum í Reyðarfirði miðlar nú orku að Mjóeyrarhöfn.

DREIFIKERFI

Töluverðar framkvæmdir voru á árinu í uppbyggingu og endurnýjun dreifikerfisins bæði í dreifbýli og þéttbýli eins og undanfarin ár, þrátt fyrir nokkurn niðurskurð á fjármagni til framkvæmda. Alls voru fjárfestingar í dreifikerfinu um 1.100 Mkr, mest í strjálbýli eða um 67%.

ORKUFLÆÐI Í DREIFIKERFI RARIK 2009

Innmötun	GWh	GWh
Landsnet		924
- þar af ótryggð orka	153	
Virkjanir og varmafl		168
- þar af virkjanir RARIK	64	
orkuflæði frá virkjunum inn á flutningskerfi		-39
Samtals innmötun til dreifingar		1.053
Úttekt	GWh	GWh
RARIK		988
Dreifikerfi	987	
Stofnkerfi	1	
Töþ í dreifikerfi		65
Samtals úttekt		1.053

FRAMKVÆMDIR Í STRJÁLBÝLI

Eins og undanfarin ár var áfram unnið að endurnýjun háspennudreifikerfis með því að leggja jarðstrengi í stað eldri háspennuloftlína. Nánast allar nýjar háspennulagnir eru í formi 3ja fasa jarðstrengja og á hverju ári eru ennfremur endurnýjaðar lagnir með því að leggja jarðstrengi í stað eldri loftlína. Við val verkefna af þessu tagi er tekið mið af aldri og ástandi lína sem og veðurfari. Þar sem háspennuloftlína er fjarlægð og jarðstrengur lagður í staðinn, þarf að endurnýja allar spennistöðvar og jafnframt eiga viðskiptavinir yfirleitt kost á að tengjast 3ja fasa rafmagni. Í öllum landshlutum var unnið að endurnýjun lagna auk þess sem að á Vesturlandi og Suðurlandi voru að venju flestar heimtaugar tengdar vegna sumarhúsa.

Hér verður aðeins getið um helstu framkvæmdir ársins. Á Vesturlandi voru yfir 20 km af háspennustrengjum lagðir í jörðu og tæplega 40 km á Norðurlandi. Á Austurlandi voru liðlega 30 km af streng lagðir í jörðu og yfir 60 km á Suðurlandi. Hér um að ræða 11 kV strengi í dreifikerfinu, bæði vegna endurnýjunar loftlína og nýlagna.

Sem dæmi um gagngera endurnýjun má nefna að á Austurlandi var unnið að endurnýjun á dreifikerfinu í Fljótsdal í samvinnu við Fljótsdalshrepp. Lagðir voru um 20 km af háspennustreng í jörðu í stað einsvírs loftlína. Á árinu 2010 er áformað að ljúka þeirri framkvæmd með uppsetningu spennistöðva og tengingu heimtauga.

Að því loknu eru nánast allar lagdir RARIK í Fljótsdalshreppi komnar í jörðu og þar með fá bæir í hreppnum möguleika á 3ja fasa rafmagni.

Af öðrum stærri framkvæmdum má nefna m.a. að hafist var handa um lögn 33 kV stofnstrengs milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar um Héðinsfjarðargöng.

Á Suður- og Vesturlandi var rafvæðing frístunda-byggðar fyrirferðarmikil að vanda. Kom það nokkuð á óvart í ljósi efnahagsástandsins.

Tekin var í notkun ný aðveitustöð í Reykholti Biskups-tungum og skipt var um spennu í aðveitustöð við Flúðir

TENGDAR VIRKJANIR Í ÁRSLOK 2009

Virkjun tengd dreifikerfi RARIK	Afl (kW)	Tengiár
Bjarnarflag	2 500	Fyrir 1980
Fjarðarselvirvirkjun	160	Fyrir 1980
Garðsávirvirkjun	174	Fyrir 1980
Grimsávirvirkjun	2.800	Fyrir 1980
Laxárvatnsvirkjun	480	Fyrir 1980
Rjúkandavirkjun	840	Fyrir 1980
Skeiðsfossvirkjun I	3 200	Fyrir 1980
Skeiðsfossvirkjun II	1.600	Fyrir 1980
Smyrlabjargarárvirkjun	1.000	Fyrir 1980
Sleitustaðavirkjun	218	1985
Koltunguvirkjun (Þorvaldseyri)	17	2001
Rollulækjarvirkjun (Króksmenn)	55	2001
Beinárvirkjun (Hótel Geysir)	65	2003
Kerahnjúkavirkjun	370	2003
Sandárvirkjun IV	245	2003
Kiðárvirkjun I	150	2004
Kiðárvirkjun II	400	2004
Stuttárvirkjun	13	2004
Árteigsvirkjun 4	500	2005
Múlavirkjun	3.100	2005
Sandárvirkjun V	456	2005
Lindavirkjun	638	2006
Systragilsvirkjun	108	2006
Ljósárvirkjun	980	2007
Selárvirkjun	170	2007
Bjólfsvirkjun	6.400	2008
Gúlsvirkjun	3.400	2009
Árteigsvirkjun 5	715	2009
Samtals með áætlun	30.754	

Stærstu virkjanir landsins eru tengdar Landsneti, en fjöldi einkavirkjana og smærri virkjanir RARIK og Orkusölunnar eru tengdar dreifikerfi RARIK beint.



og hann stækkaður í 16 MVA ásamt því að bætt var við tveim 11kV rofum í stöðinni.

Með tilkomu þessarar nýju aðveitustöðvar og fjölgun útganga frá Flúðastöðinni mun rekstraröryggi og spennu-ástand batna til muna í uppsveitum Árnessýslu.

Gamla 33 kV línan frá Selfossi í Þorlákshöfn um Ölfusárósa var spennusett á ný, en hún þjónar sem varatenging fyrir Þorlákshöfn og að hluta til Hveragerði.

ÞÉTTBÝLIS- OG BYGGÐAKJARNAR

Í Borgarnesi var áfram unnið að breytingu á 6kV háspennukerfinu í Borgarnesi í 19 kV með lagningu á 2km af háspennustreng og endurnýjun á einni spennistöð.

Sett var upp ný spennistöð við Nestún Stykkishólmi í stað gamallar pallstöðvar.

Nýja spennistöð var sett upp í húsnæði nýrrar sundlaugar á Blönduósi. Á Siglufirði var afgreidd ný 1600 A heimtaug fyrir gufuketil og samfara því var viðkomandi spennistöð endurnýjuð fyrir 11 kV spennuhækkun sem fyrirhuguð er 2010 á Siglufirði. Í byggingu er ný aðveitustöð RARIK fyrir Siglufjörð, á norðanverðri Eyrinni. Þessi aðveitustöð verður yfirbyggð að öllu leyti, allur spenna- og rofabúnaður innanhúss. Gert er ráð fyrir að



LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI RARIK 2009

Lykill	Eining	Tími	2008	2009
Íbúar á orkuveitusvæði rafmagns	fjöldi	í árslok	50.330	50.305
Orkudreifing rafmagns alls:	GWh	yfir árið	1.005	988
- þar af í þéttbýli	GWh	yfir árið	593	583
- þar af í dreifbýli	GWh	yfir árið	408	408
- þar af í stofnkerfi	GWh	yfir árið	4	2
Raforkuvinnsla í eigin orkuverum	GWh	yfir árið	250	255
Afl inn á dreifikerfi rafmagns (samlagað)	MW	yfir árið	179	184
- Afl dreifitapa rafmagns (samlagað)	MW	yfir árið	16	17
- Afl afhent út af dreifikerfi rafmagns (samlagað)	MW	yfir árið	164	167
Meðalverð rafmagnsdreifingar (sala undanskilin) ¹⁾	kr/kWh	yfir árið	3,55	4,41
- þar af þéttbýli	kr/kWh	yfir árið	2,84	3,52
- þar af dreifbýli	kr/kWh	yfir árið	4,56	5,71
Rafmagn - veitur/mælar	fjöldi	í árslok	39.194	40.018
Heimtaugar, rafmagn (<i>tengdar</i>)	fjöldi	í árslok	24.161	24.601
Lágspennt dreifikerfi rafmagns ⁴⁾	km	í árslok	3.050	3.070
- þar af heimtaugar	km	í árslok	2.011	2.041
- þar af lágspennustrengir, aðrir en heimtaugar	km	í árslok	1.039	1.029
Aðveitustöðvar	fjöldi	í árslok	54	53
Aðveitustöðvar, uppsett spennaafli	MVA	í árslok	487	508
Dreifistöðvar	fjöldi	í árslok	5.199	5.220
Uppsett spennaafli í dreifistöðvum	MVA	í árslok	548	564
Háspennt dreifikerfi samtals ⁴⁾	km	í árslok	8.043	8.167
- þar af 66 kV jarðstrengir	km	í árslok	2	3
- þar af 33 kV jarðstrengir	km	í árslok	134	147
- þar af 6-22 kV jarðstrengir	km	í árslok	2.749	2.991
- þar af 33 kV loftlínur	km	í árslok	257	240
- þar af 6-22 kV loftlínur	km	í árslok	4.886	4.791
- þar af sæstrengir	km	í árslok	15	15
Fyrirvaralausar truflanir alls:	fjöldi	yfir árið	747	594
- þar af í háspennu dreifikerfi	fjöldi	yfir árið	436	346
- þar af í lágspennukerfi	fjöldi	yfir árið	311	248
Götuskápar	fjöldi	í árslok	11.818	9.283
Orkunotkun í götulyngu	MWh	í árslok	8.908	8.834
Íbúar á orkuveitusvæði hitaveitu ²⁾	fjöldi	í árslok	4.726	4.723
Framleiðsla á heitu vatni, hámarksafkastageta	MW	í árslok	26	31
Framleiðsla á heitu vatni, hámarksálag, án jaðarveitna	MW	yfir árið	22	23
Magnsala á heitu vatni samtals:	þús. m ³	yfir árið	2.274	2.269
- þar af í R/O veitum	þús. m ³	yfir árið	677	731
Meðalverð á heitu vatni ³⁾	kr/m ³	yfir árið	145	171
Heitt vatn - veitur/mælar	fjöldi	í árslok	1.921	1.935
Fastir starfsmenn hjá RARIK samstæðu í árslok	fjöldi	í árslok	213	210
- þar af Orkusalan ehf	fjöldi	í árslok	11	14
- þar af RARIK orkuþróun ehf	fjöldi	í árslok	1	1

Skýringar:

1. Meðalverð rafmagns er einungis fyrir dreifingu og flutning rafmagns. Fastagjald er innifalið í meðalverði. Verðið er án vsk. Söluverð (t.d. Orkusalan) bætist við.
2. Íbúar á orkuveitusvæði hitaveitu er samtala mannfjölda í byggðakjörnum þar sem RARIK rekur hitaveitu.
3. Meðalverð á heitu vatni er að meðtöldu fastagjaldi en án vsk.
4. Strengir sem komnir eru í notkun.

hægt verði að hefja uppsetningu rafbúnaðar í ársbyrjun 2010 og að stöðin verði tilbúin um mitt sumar.

Á Austurlandi var tengt nýtt háspennuúttak frá aðveitustöð Stuðlum fyrir Reyðarfjörð og sett var upp bráðabirgðaspennistöð fyrir starfsmannaþorp Alcoa á Reyðarfirði.

Gúlsvirkjun í Seyðisfirði var tengd dreifikerfi Rarik á árinu, en virkjunin framleiðir liðlega 3 MW. Er þá báðar virkjanir Íslenskrar Orkuvirkjunar á Seyðisfirði farnar að framleiða afl inn á dreifikerfi Rarik. Samanlagt framleiða Gúlsvirkjun og Bjólfsvirkjun um 10 MW inn á kerfið.

Á Vopnafirði var byggt stálgrindarhús yfir nýjar varaafsvélur RARIK. Nothæfar eldri varaafsvélur á Vopnafirði fara á Neskaupsstað.


10 MW rafskautaketill Granda á Vopnafirði var tengdur dreifikerfi RARIK. Jafnframt var heimtaug til Granda stækkuð. Afhending þeirrar orku fer fram á háspennu.

Á Suðurlandi var lokið við að tengja nýjan streng frá aðveitustöð fyrir þéttbýlið á Hellu þannig að nú eru tveir strengir frá aðveitustöðinni með hringtengimöguleika fyrir þéttbýlið.


TRUFLANIR Í DREIFIKERFI

Truflanir í dreifikerfunum voru í flestum tilvikum minniháttar og tjón óverulegt. Alls urðu 594 fyrirvaralausar rekstrartruflanir í dreifikerfinu á síðasta ári, þar af urðu 52% í háspennukerfinu en 42% í lágspennukerfinu. Fækkaði fyrirvaralausum truflunum um 18% frá fyrra ári og hafa aldrei verið færri á einu ári þá tæpu tvo áratugi sem marktæk gögn liggja fyrir um.

Hlutfallsleg fækkun rekstrartruflana vegna vinnu við viðhald og breytingar frá fyrra ári varð þó enn meiri eða um 20%. Í sjálfu sér kemur ekki á óvart að truflunum vegna vinnu fækki þar sem RARIK dró nokkuð úr framkvæmdum



HÁSPENNT DREIFIKERFI RARIK 2009



á síðasta ári. Fækkun fyrirvaralausra truflana má einkum rekja til mun færri truflana vegna veðurs eða sem nemur 40% færri en í meðalári. Var tíðarfar enda fremur gott á árinu. Auk þess dró mjög úr tíðni truflana vegna jarðvinnu en það er viðsnúningur frá verulegri fjölgun slíkra truflana undanfarin ár.

Áætluð orkuskerðing vegna fyrirvaralausra rekstrartruflana í kerfi RARIK var um 93 MWh á árinu 2009, sem er um 20% samdráttur milli ára og einungis 58% af meðaltali síðustu 10 ára. Umfangsmiklar truflanir sem spanna stór svæði og standa lengi urðu engar á síðasta ári.

HITAVEITUR

Rekstur hita- og fjarvarmaveitna RARIK gekkyfirleitt vel á árinu. Áhyggjur voru þó vegna vatnsöflunar á Siglufirði þar sem yfirborð jarðhitageymis fór lækkandi og eru uppi tilgátur um að þar hafi gerð Héðinsfjarðarganga haft áhrif. Þetta hefur kallað á aukna notkun á kyndistöð RARIK á Siglufirði, til þess að draga úr vatnsnotkun. Kyndistöð þessi hefur annars verið hvíld undanfarin áratug, allt frá því hemlakerfið var lagt niður.

Þann 22. janúar var undirritaður samningur við landeigendur í Hornafirði um nýtingu jarðvarma á jörðunum Hoffelli, Miðfelli og Birkifelli fyrir mögulega hitaveitu á Höfn. Á Höfn er fyrir kyndistöð og svokölluð R/O veita.

Að öðru leyti voru allar framkvæmdir í lágmarki vegna ástands efnahagsmála.

STARFSMENN

Starfsmönnum RARIK hefur fækkað nokkuð á undanförunum árum eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Skýrist það meðal annars af því að verkefni hafa flust frá fyrirtækinu, en einnig aðgerðum við styrkingu dreifikerfisins, átaks í lagningu jarðstrengja, tækniframförum og betri samgöngum.

Vegna efnahagskreppunnar þurfti að bregðast við hækkandi rekstrarkostnaði á margvíslegan hátt. Auk annarra aðhaldsaðgerða náðust samningar milli RARIK og starfsmanna um tímabundna tekjuskerðingu. Samningarnir gerðu m.a. ráð fyrir styttingu vinnuviku starfsmanna framkvæmdasviðs og er þar ekki unnið á föstudögum nema brýn þörf sé á. Samningar við aðra starfshópa miðuðu einnig að því að lækka yfirvinnukostnað í sama hlutfalli. Með þessum aðgerðum tókst að komast hjá uppsögnum, sem annars virtust óumflýjanlegar.

Við skipulagningu styttri vinnuviku og skemmri vinnutíma var haft að leiðarljósi að viðskiptavinir RARIK yrðu þess sem minnst varir og telur fyrirtækið að tekist hafi að mestu að koma í veg fyrir skerðingu á þjónustu þess. Eiga starfsmenn þakkir skildar fyrir framlag sitt að þessum málum.

FÉLAGSSTARF

Félagsstarf var með hefðbundnum hætti hjá starfsfólki RARIK á árinu 2009. Golfmót voru haldin, hangikjötsskemmtun og önnur mannámót sem tókust vel. Árshátíð féll þó niður að þessu sinni í skugga efnahagsástandsins og aðhalds í rekstri RARIK.

ÖRYGGISMÁL

Á árinu var undirbúin verklagsregla ásamt verklýsingum fyrir vinnu Öryggisnefndar RARIK og Orkusölnnar. Var það gert til að uppfylla kröfur laga og reglugerða um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum. Kosnir voru öryggistrúnaðarmenn starfsmanna og skipaðir öryggisverðir af hálfu RARIK og Orkusölnnar.


Verklagsreglan um Öryggisnefnd lýsir verkefnum nefndarinnar og þeim verklýsingum sem henni fylgja, en þær eru:

1. Um störf Öryggisnefndar
2. Öryggistæki
3. Öryggisfatnaður
4. Öryggisfræðsla
5. Merking vinnusvæða (í drögum)
6. Áhættumat

Með Öryggisnefndinni vinnur starfsmaður sem hefur umsjón og eftirlit með öryggisbúnaði í samstarfi við ábyrgðarmenn deilda á svæðunum.

Skoðanir á nýjum og breyttum virkjum og virkjum í rekstri voru gerðar af skoðunarstofum og eigin starfsmönnum eftir eðli máls. Verkstjórnendur vinnuflokka yfirfara verk í verklok og staðfesta með undirskrift sinni

STARFSMENN 1995-2009



að verk séu unnin samkvæmt *Stöðlunarhandbók RARIK* og uppfylli ítarlega verklýsingu sem þar kemur fram. Úr þessum verkum er tekið úrtak sem skoðunarstofa skoðar og skilar skýrslu um niðurstöðuna. Jafnframt er tekið úrtak úr skoðunum virkja í rekstri sem starfsmenn RARIK skoða og verklag og mat þeirra á ástandi kerfisins staðfest af skoðunarstofu.

Öll samskipti við skoðanastofur eru á rafrænu formi um DMM kerfi RARIK

GÆÐA- OG UMHVERFISMÁL

Gæða- og umhverfismálin voru með hefðbundnu sniði á árinu 2009. Verklagsreglur voru endurskoðaðar og nýjar gefnar út. Endurskoðun verklagsreglna snéri meðal annars að verklagsreglu um samskipti við vinnslu og framkvæmd verkefna. Skipulagsbreytingar í október 2008 höfðu meðal annars bein áhrif á þessa verklagsreglu, með tilkomu svæðisráða.

Meðal nýbreytni á árinu má því nefna að þetta er fyrsta heila árið sem svæðisráð eru starfandi á hverju rekstrarsvæði RARIK. Verklag þeirra hefur slípast til með reynslu og hefur meðal annars verið settur upp formlegur grunnur milli framkvæmdaráðs og svæðisráða, nokkurs konar Spurt og svarað. Nokkrar nýjar verklagsreglur voru einnig samþykktar á árinu og ber þar helst að nefna verklagsreglur um öryggisnefnd og um neyðarstjórn.

Á árinu 2009 var einnig komið á fót Hugmyndabanka á innra netinu þar sem starfsmenn RARIK geta komið á framfæri hugmyndum sínum um betra fyrirtæki. Til að tryggja betra upplýsingaflæði innan fyrirtækisins var einnig ákveðið að birta fundargerðir framkvæmdaráðs og svæðisráðanna á innri vefnum.

RARIK ORKUÞRÓUN ehf. 2009

RARIK Orkuþróun ehf. tók formlega til starfa 1. mars 2008 og var 2009 því annað rekstrarár fyrirtækisins. Erlent heiti félagsins er RARIK Energy Development Ltd. og gengur það undir nafninu RED í daglegri umfjöllun. Fyrirtækið heldur utan um ráðgjafa- og þróunarverkefni RARIK hér heima og erlendis.



VERKEFNI INNANLANDS

Í nóvember 2008 sóttu Landsvirkjun og RARIK sameiginlega um rannsóknarleyfi á vatnasviði Hólmsár í Skaftártungu og þann 21. ágúst 2009 veitti Orkustofnun rannsóknarleyfi til ársloka 2012 eða í rúm þrjú ár. Leyfið tekur til rannsókna við að kanna hagkvæmni þess að reisa og reka vatnsaflsvirkjun í Hólmsá svonefnda Hólmsárvirkjun. Nokkrar útfærslur koma til greina en sú sem talin er álitlegust gerir ráð fyrir að virkjunin verði 50 - 60 MW að stærð og orkugetan 360 – 400 GWh/ári.

Villinganesvirkjun í Skagafirði var metin í 1. áfanga *Rammaáætlunar* en hún hefur verið í undirbúningi á vegum Héraðsvatna ehf. sem RARIK á 50% í með heimamönnum í Skagafirði. Verkhönnun og umhverfismati við virkjunina var lokið á sínum tíma og einnig vinnu við deiliskipulag. Hún er áætluð 33 MW að stærð og orkugetan allt að 240 GWh/ári.

Á síðari árum hefur verið unnið að undirbúningi Skatastaðavirkjunar af hálfu Héraðsvatna ehf. í samvinnu við Landsvirkjun (síðar LVP). Miðað við ákveðnar forsendur er gert ráð fyrir að Skatastaðavirkjun geti orðið 156 MW að stærð og orkugetan tæplega 1100 GWh/ári.

Í Ölfusdal við Hveragerði er talið mögulegt að virkja 10 MW með jarðhitavökva úr þeim borholum sem eru til staðar í dag og framleiða 82 GWh/ári. Í Grændal norður af Hveragerði er talið að unnt sé að ná í allt að 120 MW af raforku og framleiða nær 1000 GWh /ári. Þessir virkjanakostir eru til athugunar hjá Sunnlenskri orku ehf. sem RARIK á 90% hlut í.

Allar framangreindar virkjanir eru til umfjöllunar í vinnu við 2. áfanga *Rammaáætlunar* sem hefur verið í vinnslu síðan haustið 2007 og niðurstöður munu birtast frá á vormánuðum 2010.

Sjávarorka ehf. sótti um rannsóknarleyfi í Hvammsfirði á Breiðafirði vegna sjávarfallavirkjunar í september 2009 og var leyfið veitt í janúar 2010. Hafinn er undirbúningur við næstu skref í rannsóknum á svæðinu og gerð hagkvæmniathugunar ásamt samanburði á tæknilegri útfærslu.

Í byrjun september var nýrri vefsíðu hleypt af stökunum hjá RARIK Orkuþróun en þá var liðið eitt og hálf átt frá því að fyrirtækið tók til starfa. Vefslóðin er red.is .



Unnið að rannsóknum í Salihli í Tyrklandi

VERKEFNI ERLENDIS

Í Noregi á RARIK 10% eignarhluta í fyrirtæki að nafni Blåfall Energi AS sem er að undirbúa byggingu 35-40 smærri virkjana 1-8 MW á næstu árum eða samtals um 120MW og orkugetu um 450 GWh/ári. Í júlí 2009 var fyrsta virkjunin tekin í notkun en um er að ræða 5 MW virkjun í Vestur - Noregi. Haustið 2009 var undirritaður samningur um svonefnd græn skírteini á milli Noregs og Svíþjóðar við nýtingu á endurnýjanlegum orkugjöfum til raforkuframleiðslu. Þessi samningur tekur gildi 1. janúar 2012 og hefur í för með sér verulega hækkun á styrkjum í Noregi og mjög jákvæð áhrif á arðsemi fjárfestinga m.a. í smávirkskjum og þar með á Blåfall Energi. Fjárfestingaráð félagsins er þegar búið að samþykkja virkjanir með um 100 MW afli.

Í Tyrklandi er RARIK 60% eignaraðili að fyrirtæki sem stofnað var þar vorið 2008 og nefnist RARIK Turkison Enerji Ltd. eða RTE. Fyrirtækið var stofnað um verkefni aðallega á sviði jarðvarma og hefur það fengið úthlutað fimm rannsóknarleyfum í Tyrklandi. Rannsóknir hófust vorið 2009 í Salihli í Vestur - Tyrklandi og lofa góðu en nokkurt hlé hefur orðið í bili. Unnið hefur verið að því hörðum höndum að fá nýja fjárfesta að RTE en bið hefur orðið á fyrst og fremst vegna þess að tyrkneska þingið hefur ekki ennþá samþykkt ný lög um greiðslur fyrir raforku inn á netið sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum. Vonast er eftir að afgreiðslu þingsins ljúki á vormánuðum 2010.

Þrátt fyrir að mikill meðbyr sé með verkefnum á sviði endurnýjanlegra orkugjafa hefur ástandið á alþjóðlegum fjármálamörkuðum eigi að síður haft áhrif á framvindu mála. Af þessum sökum hefur RARIK Orkuþróun ehf. haldið að sér höndum og frestað ýmsum verkefnum sem byrjað var að undirbúa erlendis.



ORKUSALAN EHF

Árið 2009 var þriðja starfsár Orkusölnnar, sem er dótturfyrirtæki RARIK, og er tilgangur þess meðal annars að annast framleiðslu og sölu á raforku. Með breytingum á raforkulögum í janúar 2005 var sala á raforku gefin frjáls, gagnert í þeim tilgangi að innleiða samkeppni í raforkusölu. Orkusalan ehf. starfar einungis á samkeppnismarkaði og er með næst mestu markaðshlutdeild í raforkusölu á almennum markaði á eftir Orkuveitu Reykjavíkur, auk þess að reka nokkrar virkjanir víða um land. Starfsmenn Orkusölnnar voru 14 í árslok 2009.

Á árinu 2008 voru gerðar breytingar á raforkulögum er varða fyrirtækjaaðskilnað milli einkaleyfis- og samkeppnisstarfsemi í þeim tilgangi að tryggja virkari samkeppni á raforkumarkaði. Sú breyting var mikið fagnaðarefni fyrir Orkusölnuna.



Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu hefur gildistöku breytingarinnar ítrekað verið frestað, nú síðast til 1. janúar 2011.

Orkusalan stefnir á og ætlar sér að vera leiðandi í því að tryggja landsmönnum öllum framúrskarandi þjónustu, samkeppnishæf verð og frelsi á raforkumarkaði.

AFKOMA ÁRSINS

Samkvæmt rekstrarreikningi 2009 var hagnaður Orkusölnnar 83 mkr, að teknu tilliti til fjármagnskostnaðar og skatta. Eiginfjárhlutfall Orkusölnnar er 42,0%

Hagnaður ársins var umfram áætlanir. Ítrasta aðhalds og hófsemi var gætt í rekstri Orkusölnnar með sýnilegum árangri. Helstu skýringar bættrar afkomu má rekja til 5,8% hækkunar á rekstrartekjum og 1,2% lækkunar á rekstrargjöldum milli ára.

Á árinu voru 14,2 ársverk hjá Orkusölnni samanborið við 11 á árinu 2008. Á milli ára fjölgaði ársverkum um 3,2 eða um 29,1%, laun og launatengd gjöld hækkðu um 16,4% á meðan launagjöld á ársverki lækkðu um 9,8%.

Orkusalan var í 100% eigu RARIK ohf. í árslok 2009.

FRAMLEIÐSLA OG INNKAUP

Heildarmarkaður Orkusölnnar dróst saman um 1,1% frá fyrra ári en í áætlunum ver gert ráð fyrir 2,4% samdrætti á markaðssvæði Orkusölnnar á árinu 2009 vegna aðstæðna í þjóðfélaginu.

Framleiðsla virkjanna Orkusölnnar var 3,2% yfir áætlunum á árinu 2009 og hefur hún jafnframt aldrei verið meiri. Innkaup á raforku voru 0,5% yfir áætlunum fyrir sama tímabil. Markaður Orkusölnnar er því um 1,3% stærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir. Eigin framleiðsla Orkusölnnar var um 30% á árinu 2009.

Engar stórvægilegar bilanir urðu á árinu og litlar truflanir á rekstri. Þó þurfti að stöðva Lagarfossvirkjun stóran hluta máímánaðar vegna ábyrgðarskoðunar framleiðanda.



Hlutverk Orkusölnnar er að framleiða, kaupa og selja rafmagn til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana um land allt. Orkusalan leggur áherslu á samkeppnishæf verð, einfalda þjónustu og jákvæða þjónustuupplifun.

Stefna Orkusölnnar til framtíðar er að bæta lífskjör almennings með því að skapa nýja möguleika í framleiðslu og sölu á endurnýjanlegri orku. Orkusalan byggir á einfaldri þjónustu á hagstæðu verði.

Gildi Orkusölnnar eru fagmennska, liðsandi, hugrekki og gleði.



Einungis voru minniháttar framkvæmdir í virkjunum Orkusölnunnar á árinu.

Verktakar unnu áfram við Lagarfossvirkjun og er framkvæmdum þar enn ekki lokið. Ber þar helst að nefna viðgerð á lokum ásamt lokafrágangi á stjórnkerfi. Einnig var unnið að endurbótum á kælikerfi eldri vélar.

Orkusalan setti til hliðar áætlanir um endurnýjun á Grímsárvirkjun vegna efnahagsástandsins þrátt fyrir brýna nauðsyn. Þó voru tekin fyrstu skrefin að endurnýjun virkjunarinnar með framkvæmdum við sográsarloku. Var sográsarloka virkjunarinnar endurnýjuð ásamt dýpkun á frárennsli virkjunarinnar. Leiddi framkvæmdin af sér um 4% aukningu í orkuvinnslu virkjunarinnar.

Áfram var unnið að skoðun þeirra möguleika sem í boði eru vegna endurnýjunar og stækkunar Rjúkanda-virkjunarinnar. Er verkefnið enn á frumstigi.

Lokið var við smíði framhjálaups við Skeiðsfossvirkjun og gefur það meira svigrúm við rekstur virkjunarinnar við rekstrartruflanir og skapar einnig frekari möguleika á samnýtingu vakta hjá Orkusölnunni.

Á árinu var áherslum breytt hvað varðar mönnun og rekstur virkjana á Austurlandi. Ekki er lengur starfsmaður með búsetu við Lagarfossvirkjun en mönnun og rekstur virkjunarinnar er nú að hluta samþættur með Grímsárvirkjun til hagræðingar. Stefnt er að fullri samnýtingu starfsmanna vegna reksturs og vakta þessara tveggja virkjana og hafa því nýráðnir starfsmenn Orkusölnunnar á Austurlandi aðstöðu á Egilsstöðum.

SALA OG MARKAÐSMÁL

Markmiðið Orkusölnunnar í sölu- og markaðsmálum var að auka vitund markaðarins á Orkusölnunni og að halda áfram uppbygging á framúrskarandi þjónustu við núverandi og nýja viðskiptavinum Orkusölnunnar.

Vaxandi hreyfing er á viðskiptavinum á milli söluvirketækja sem hefur skilað sér í fjölgun viðskiptavina Orkusölnunnar. Af þeim aðilum sem skiptu um raforkusala á árinu 2009 völdu um 55% Orkusölnuna en 45% dreifðust á hin sex fyrirtækin sem starfa á samkeppnismarkaði með raforku.

Á árinu 2009 opnaði Orkusalan sitt eigið þjónustuver á Akureyri. Markmiðið með opnun þjónustuversins var að auka þjónustugæði og ná bættri yfirsýn á samskiptum við viðskiptavinum.

Þá var aukin áhersla lögð í ráðgjöf til fyrirtækja á árinu og starfsmönnum fjölgað sem sinna þeim verkefnum. Í kjölfarið voru sölu- og þjónustuferlar Orkusölnunnar endurskoðaðir og farið var í aukna sókn bæði á fyrirtækja- og heimilismarkaði.

Lagður var aukinn þungi í markaðsmál Orkusölnunnar á árinu. Í samstarfi við auglýsingastofuna Fiton var hrint af stað viðamikilli auglýsingaherferð í öllum helstu fjölmiðlum landsins. Var markmið herferðarinnar að auka vitund landsmanna á Orkusölnunni sem og að vekja athygli á því að það er samkeppni á raforkumarkaði. Árangur af herferðinni var umfram væntingar og sýndu mælingar verulega aukningu í vitund almennings á Orkusölnunni.



Áframhaldandi samstarf var við stúdentaráð Háskóla Íslands á árinu og á haustmánuðum tók Orkusalan í notkun upphitað strætóskýli fyrir nemendur háskólans. Strætóskýlið er fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og vakti það mikla athygli og almenna ánægju. Þá fékk upphitaða strætóskýlið tilnefningu til Lúðursins, íslensku auglýsingaverðlaunanna.

Unnið var að viðamiklum endurbótum á þjónustuvef Orkusölunnar á árinu. Markmið þeirra breytinga sem ráðist var í miðaði að því að gera vefinn aðgengilegri viðskiptavinum Orkusölunnar ásamt því að bæta við og tryggja framúrskarandi upplýsingar sem nauðsynlegar eru viðskiptavinum Orkusölunnar sem nýta þjónustuvefinn til raforkustjórnunar og umsýslu reikninga. Með breytingum er óhætt að segja að nú bjóði Orkusalan einn öflugasta þjónustuvef landsins fyrir viðskiptavinum sína.

Ríkiskaup buðu út á árinu raforku til ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins. Tilboðið var óvenjulegt og ekki í samræmi við framkvæmd raforkulaga. Var sölu-fyrirtækjum skylt að bjóða í sérleyfisþættina, flutning og dreifingu, ásamt sölu. Þrátt fyrir verulega annmarka á útboðinu átti Orkusalan ekki annan kost en að taka þátt þar sem um verulegan markað var að ræða. Orkusalan átti lægsta tilboðið í rammamninginn og hefur 18 mánaða aðlögunarfrest, frá undirritun samnings, til að uppfylla ákvæði Ríkiskaupa um sölu á sérleyfisþáttunum, flutningi og dreifingu.

Orkusalan er í góðu sambandi við viðskiptavinum sína og í því samhengi hefur hún tekið þátt í ýmsum verkefnum sem tengjast þeim. Má þar helst nefna Íþróttafélög, félagasamtök og fjölbreytta viðburði sem eru í nánasta samfélagi viðskiptavina Orkusölunnar.

YFIRTAKA Á SÖLUSTARFSEMI ORKUVEITU HÚSAVÍKUR

Þann 6. nóvember 2009 skrifuðu forsvarsmenn Orkuveitu Húsvíkur annars vegar og Orkusölunnar hins vegar, undir samninga um kaup Orkusölunnar á raforkusölu og á framleiðslu Orkuveitu Húsvíkur sem tóku gildi frá og með 1. janúar 2010. Eru kaupin mikið fagnaðarefni fyrir Orkusöluna og liður í því að stuðla að áframhaldandi vexti fyrirtækisins. Samruninn fellur jafnframt vel að starfsemi Orkusölunnar og má því vænta samlegðaráhrifa af honum. Hefur Orkusalan nú þegar kynnt starfsemi sína á Húsvík og fengið jákvæðar og góðar viðtökur frá Húsvíkungum.

LEIÐANDI FYRIRTÆKI

Horfur í rekstri Orkusölunnar eru góðar og stendur reksturinn á traustum fótum.

Þrátt fyrir að verð á raforkumarkaði sé svipað á milli söluaðila er virk samkeppni á markaðnum. Varan er einsleit og neytendur munu ekki sætta sig við mismunandi verð. Söluhluti raforku heldur ekki í við vísitölu neysluverðs og hækkar ekki í samræmi við sérleyfisþættina. Er samkeppnin því að skila ávinningi til neytenda.

Orkusalan er leiðandi og framsækið fyrirtæki í sölu á raforku og þjónustu við raforkukaupendur. Orkusölunni er annað um umhverfi sitt og samfélag. Orkusalan mun áfram stuðla að góðum tengslum við viðskiptavinum sína ásamt því að sækja inn á nýja markaði með framúrskarandi þjónustu, samkeppnishæfu verði og frelsi á raforkumarkaði.

Vegna hagræðingar og endurfjármögnunar getur Orkusalan boðið samkeppnishæft verð án þess að ógna rekstri fyrirtækisins. Framtíðin er því björt fyrir fyrirtækið, starfsmenn og viðskiptavinum Orkusölunnar.



	Bls
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	22
Áritun endurskoðanda	23
Rekstrarreikningur	24
Efnahagsreikningur	25
Eiginfjárfirlit	26
Sjóðstreymisyfirlit	27
Skýringar	28





RARIK ohf. var stofnað þann 1. ágúst 2006 og tók félagið yfir rekstur og eignir Rafmangsveitna ríkisins. RARIK annast dreifingu á rafmagni í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65/2003. Orkusalan ehf sér um framleiðslu og sölu rafmagns. RARIK Orkuþróun ehf vinnur að uppbyggingu og þróun hvers konar orkukerfa. Á árinu 2009 var stofnað félagið Ljós og gagnaleiðari ehf vegna reksturs ljósleiðara. Þessi þrjú félög eru dótturfélög RARIK og eru alfarið í eigu þess. Á árinu 2009 keypti RARIK rafdreifikerfið á Húsavík af Orkuveitu Húsavíkur.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning RARIK ohf og dótturfyrirtækja.

Samkvæmt rekstrarreikningi eru tekjur félagsins 8.703 milljónir króna, rekstrargjöld 6.973 milljón króna og rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði 1.731 milljón króna. Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur eru 1.804 milljónir króna. Áhrif hlutdeildarfélagsins Landsnets hf eru jákvæð um 331 milljón króna. Hagnaður ársins 2009 að teknu tilliti til áhrifa tekjuskatts er 697 milljónir króna.

Eignir samkvæmt efnahagsreikningi eru 35.663 milljónir króna í árslok. Eigið fé félagsins er 15.982 milljónir króna eða 44,8% af heildarfjármagni.

Stjórn Orkusölnunnar ákvað að nýta heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 16 og endurmeta varanlega rekstrarfjármuni í raforkuframleiðslu. Endurmatið er ákvarðað út frá tekjuvirði viðkomandi eigna. Við þetta endurmat hækkar eigið fé samstæðunnar um 1.575 milljónir króna að teknu tilliti til tekjuskatts. Nánari grein er gerð fyrir þessari breytingu í eiginfjárfirliti og skýringum.

Hlutafé félagsins er 5.000 milljónir króna og er það allt í eigu ríkissjóðs.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2009 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2009.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum sem fyrirtækið býr við.

Stjórn og forstjóri staðfesta hér með samstæðuársreikninginn með undirritun sinni.

Reykjavík, 11. febrúar 2010

Í stjórn RARIK ohf

Árni Steinar Jóhannsson
formaður

Irígibjörg Sigmundsdóttir

Valdimar Guðmannsson

Hilmar Gunnlaugsson

Hulda Aðalbjarnardóttir

Tryggvi Þór Haraldsson
forstjóri

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



Til stjórnar Rarik ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Rarik ohf. fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu fyrirtækisins á árinu 2009, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Ríkisendurskoðun, 11. febrúar 2010

Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi

Sigurgeir Bóasson
endurskoðandi



	Skýr.	2009	2008
Rekstrartekjur			
Raforkusala		2.983.894	2.833.110
Dreifing raforku		4.570.425	3.844.647
Sala á heitu vatni		388.179	329.077
Aðrar tekjur	7	760.790	822.686
		<u>8.703.288</u>	<u>7.829.520</u>
Rekstrargjöld			
Orkukaup		2.166.961	2.199.146
Rekstur veitukerfa		3.547.167	3.331.048
Annar rekstrarkostnaður	8	1.258.609	1.320.373
		<u>6.972.737</u>	<u>6.850.567</u>
Rekstrarhagnaður		<u>1.730.551</u>	<u>978.953</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur		41.699	38.692
Fjármagnsgjöld	(1.845.902)	(4.834.185)
Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga	(36)	(849.455)
	11	<u>(1.804.239)</u>	<u>(5.644.948)</u>
Áhrif hlutdeildarfélags	14	331.175	(2.876.698)
Hagnaður (tap) fyrir skatta		<u>257.487</u>	<u>(7.542.693)</u>
Tekjuskattur	12	439.907	310.485
Hagnaður (tap) ársins		<u>697.394</u>	<u>(7.232.208)</u>
Aðrar tekjur og gjöld færð á eigið fé			
Endurmat fastafjármuna		1.920.275	3.550.906
Hlutdeild í endurmati hlutdeildarfélaganna og tekjuskattsáhrif	(95.446)	3.391.775
Tekjuskattur	(479.457)	(505.355)
		<u>1.345.372</u>	<u>6.437.326</u>
Heildarhagnaður (-tap) ársins		<u>2.042.766</u>	<u>(794.882)</u>
Skipting hagnaðar (taps)			
Eigendur móðurfélags		697.394	(7.231.884)
Minnihluti í dótturfélögum		0	(324)
		<u>697.394</u>	<u>(7.232.208)</u>
Skipting heildarhagnaðar (-taps)			
Eigendur móðurfélags		2.042.766	(794.558)
Minnihluti í dótturfélögum		0	(324)
		<u>2.042.766</u>	<u>(794.882)</u>
Hagnaður (tap) á hlut			
Grunnhagnaður (-tap) og þynntur hagnaður (tap) á hlut	21	0,14	(1,45)

Skýringar á bls. 29 til 50 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



	Skýr.	2009	2008
Eignir			
Rekstrarfjármunir	13	29.551.075	26.756.291
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	14	1.873.279	1.637.550
Eignarhlutir í öðrum félögum	15	269.748	198.628
Tekjuskattseign	16	1.242.771	1.282.321
Fastafjármunir samtals		<u>32.936.873</u>	<u>29.874.790</u>
Birgðir	17	467.068	546.449
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	18	1.402.398	1.418.965
Handbært fé	19	857.132	83.064
Veltufjármunir samtals		<u>2.726.598</u>	<u>2.048.478</u>
Eignir samtals		<u><u>35.663.471</u></u>	<u><u>31.923.268</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		5.000.000	5.000.000
Yfirverðsreikningur		9.565.330	9.565.330
Endurmatsreikningur		8.522.923	7.177.551
Ójafnað eigið fé		(7.106.441)	(7.804.497)
Eigið fé hluthafa móðurfélagsins		<u>15.981.812</u>	<u>13.938.384</u>
Hlutdeild minnihluta		0	3.342
Eigið fé samtals	20	<u>15.981.812</u>	<u>13.941.726</u>
Langtímaskuldir			
Skuldir til langs tíma	22	11.141.416	8.983.934
Skuldbinding vegna niðurrífs	23	516.458	530.289
Afleiðusamningar	25	920.759	920.722
Langtímaskuldir samtals		<u>12.578.633</u>	<u>10.434.945</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	22	2.500.000	4.495.076
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	24	1.836.184	2.013.158
Afborganir langtímaskulda á næsta ári	22	2.766.842	1.038.363
Skammtímaskuldir samtals		<u>7.103.026</u>	<u>7.546.597</u>
Skuldir samtals		<u>19.681.659</u>	<u>17.981.542</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>35.663.471</u></u>	<u><u>31.923.268</u></u>

Skýringar á bls 29 til 50 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Endurmats- reikningur	Ójafnað eigið fé	Eigið fé hluthafa móðurfélags	Minnihluti	Samtals eigið fé
1. janúar til 31. desember 2008							
Eigið fé 1. janúar 2008	5.000.000	9.565.330	740.225	(572.613)	14.732.942	3.666	14.736.608
Endurmat fastafjármuna			3.550.906		3.550.906		3.550.906
Tekjuskattur af endurmati ...			(532.636)		(532.636)		(532.636)
Áhrif breytingar skatthlutfalls			27.281	0	27.281		27.281
Hlutdeild í endurmati hlutdeildarfélags			3.391.775		3.391.775		3.391.775
Tap ársins				(7.231.884)	(7.231.884)	(324)	(7.232.208)
Heildartap ársins			6.437.326	(7.231.884)	(794.558)	(324)	(794.882)
Eigið fé 31. desember 2008	5.000.000	9.565.330	7.177.551	(7.804.497)	13.938.384	3.342	13.941.726

1. janúar til 31. desember 2009

Eigið fé 1. janúar 2009	5.000.000	9.565.330	7.177.551	(7.804.497)	13.938.384	3.342	13.941.726
Endurmat fastafjármuna			1.920.275		1.920.275		1.920.275
Tekjuskattur af endurmati ...			(345.650)		(345.650)		(345.650)
Áhrif breytingar skatthlutfalls			(133.807)		(133.807)		(133.807)
Hlutdeild í endurmati hlutdeildarfélags			(95.446)		(95.446)		(95.446)
Hagnaður ársins				697.394	697.394		697.394
Heildarhagnaður ársins			1.345.372	697.394	2.042.766	0	2.042.766
Yfirtekinn minnihluti				0	0	(3.342)	(3.342)
Eigið fé 31. desember 2009	5.000.000	9.565.330	8.522.923	(7.107.103)	15.981.150	0	15.981.150

Skýringar á bls. 29 til 50 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



	Skýr.	2009	2008
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins		697.394	(7.232.208)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Sölutap eigna		1.122	147
Breyting niðurrifsskuldbindingar	(13.831)	7.638
Afskriftir		1.112.340	905.473
Áhrif hlutdeildarféлага	(331.175)	2.876.698
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		1.804.239	4.795.487
Skatteign	(439.907)	(310.485)
Afleiðusamningur		36	849.455
Hreint veltufé frá rekstri fyrir vexti og skatta		2.830.218	1.892.205
Birgðir, (hækkun), lækkun		79.381	5.713
Skammtímakröfur, (hækkun), lækkun		16.567	(212.835)
Skammtímaskuldir, hækkun, (lækkun)	(372.670)	308.359
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og skatta		2.553.496	1.993.442
Innheimtar vaxtatekjur		41.699	56.871
Greidd vaxtagjöld	(748.553)	(900.791)
Handbært fé frá rekstri		1.846.642	1.149.522
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(2.045.219)	(2.404.162)
Fjárfesting í dótturfélögum að frádregnu handbæru fé	(5.864)	0
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		57.162	3.683
Fjárfesting í öðrum félögum	(71.120)	(44.675)
Fjárfestingarhreyfingar	(2.065.041)	(2.445.154)
Fjármögnunarhreyfingar			
(Endurgreitt) tekið bankalán	(1.995.076)	2.000.000
Tekin ný langtímalán		4.020.000	0
Afborganir langtímalána	(1.032.457)	(714.733)
Fjármögnunarhreyfingar		992.467	1.285.267
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		774.068	(10.365)
Handbært fé í ársbyrjun		83.064	93.429
Handbært fé í lok ársins		857.132	83.064

Skýringar á bls. 29 til 50 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



Nr.		Bls
1.	Félagið	29
2.	Grundvöllur reikningskilanna	29
3.	Mikilvægar reikningskilaaðferðir	30
4.	Ákvörðun gangvirðis	35
5.	Stýring fjármálalegrar áhættu	36
6.	Starfspáttayfirlit	38
7.	Aðrar tekjur	39
8.	Annar rekstrarkostnaður	39
9.	Laun og launatengd gjöld	39
10.	Afskriftir	39
11.	Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	40
12.	Tekjuskattur	40
13.	Rekstrarfjármunir	41
14.	Hlutdeildarfélög	42
15.	Önnur félög	42
16.	Tekjuskattseign	42
17.	Birgðir	43
18.	Viðskipta- og aðrar skammtímakröfur	43
19.	Handbært fé	43
20.	Eigið fé	43
21.	Tap á hlut	44
22.	Vaxtaberandi skuldir	44
23.	Skuldbinding vegna niðurrifs	45
24.	Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	45
25.	Gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningur	45
26.	Fjármálagerningar	46
27.	Tengdir aðilar	49
28.	Fyrirtæki í samstæðunni	50





1. Félagið

RARIK ohf. er íslenskt opinbert hlutafélag og er lögheimili þess að Bíldshöfða 9 í Reykjavík. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2009 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess (sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“) og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum. Aðalstarfsemi fyrirtækisins er framleiðsla, sala og dreifing á raforku og heitu vatni til neytenda.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a) Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins heimilaði birtingu ársreikningsins 12. febrúar 2010.

b) Matsaðferðir

Reikningsskil samstæðunnar byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að afleiður og vissir fjármálagerningar eru færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, jafnframt er hluti rekstrarfjármuna félagsins metinn á gangvirði. (Fjallað er um mat á gangvirði í skýringu nr. 4).

c) Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

d) Mat og áætlanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring nr. 3d (i) - Rekstrarfjármunir (vegna endurmats virkjana)
- Skýring nr. 23 - Skuldbindingar vegna niðurrifskostnaðar
- Skýring nr. 25 - Vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamningur

e) Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Við gerð ársreikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2008, að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir um endurmat rekstrarfjármuna. Þá hefur framsetningu ársreikningsins verið breytt til samræmis við breyttar reglur um framsetningu ársreikninga.

Samstæðan beitir endurbættum IAS 1 Framsetning ársreikninga (2007), sem tók gildi 1. janúar 2009. Samstæðan birtir nú í einu yfirliti rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, þar sem í yfirliti um heildarafkomu koma fram allar rekstrarhreyfingar sem færðar eru beint á eigið fé. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis. Breytingin hefur aðeins áhrif á framsetningu og hreyfir ekki kennitöluna hagnað á hlut.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



2. Grundvöllur reikningsskilanna, frh

Samstæðan beitir IFRS 8 Rekstrarstarfsþættir, sem tók gildi 1. janúar 2009. Starfsþættir samstæðunnar eru settir fram í samræmi við upplýsingar sem forstjóri félagsins notar við mat á þeim. Innleiðing staðalsins breytir ekki framsetningu upplýsinga um rekstrarstarfsþætti.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum og af öllum félögum í samstæðunni.

a) Grundvöllur samstæðu

(i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfiráð. Yfiráð eru til staðar þegar samstæðan hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfiráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yfiráð hefjast og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið til að laga þær að aðferðum samstæðunnar.

(ii) Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfiráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður yfir 20-50% atkvæðisréttar. Hlutdeildarfélög eru færð í ársreikning samstæðunnar með hlutdeildaraðferð.

Ársreikningur samstæðunnar inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga samkvæmt hlutdeildaraðferð. Hlutdeildaraðferðinni er beitt frá því að veruleg áhrif nást og þar til þeim lýkur. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir þessi félög eða fjármagnað þau. Ef hagnaður verður af rekstri hlutdeildarfélags á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrir en hlutdeild í tapi sem ekki var fært hefur verið jöfnuð.

b) Erlendir gjaldmiðlar

(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsteggi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað.



3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

c) Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

Í skýringu 3(j) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

Aðrir fjármálagerningar

Aðrir fjármálagerningar, sem ekki teljast afleiðusamningar, eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

(ii) Afleiðusamningar

Við upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði. Viðskiptakostnaður þeim tengdur er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning.

(iii) Hlutfé

Almennt hlutfé

Kostnaður við útgáfu hlutfjár er færður til lækkunar á eigin fé.

Endurkaup á hlutfé

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð til lækkunar á eigin fé.



3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

d) Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir, aðrir en virkjanir og dreifikerfi, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna, telst vera hluti af kostnaðarverði eignanna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Þegar endurmetnir varanlegir rekstrarfjármunir eru seldir er endurmat þeirra meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á kostnaðarverði mannvirkja í byggingu eru eignfærð á byggingartíma. Á undirbúningskostnað eru ekki reiknaðir vextir.

Virkjanir og dreifikerfi samstæðunnar eru skráðar á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkningar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á tekjuskattsskuldbindingu. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Við sölu eða niðurlagningu eignar er sá hluti sérstaka endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé. Engar færslur eiga sér stað af sérstaka endurmatsreikningnum yfir á óráðstafað eigið fé nema þegar viðkomandi eign er seld eða niðurlögð.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Virkjanir	60 ár
Veitukerfi	20-33 ár
Aðrir rekstrarfjármunir.....	5-50 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi.

e) Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörstigi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.



3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

f) *Virðisrýrnun*

Bókfært verð eigna, að undanskildum birgðum og tekjuskattseign, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð hennar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

g) *Hlunnindi starfsmanna*

Iðgjaldatengd lífeyriskerfi

Kostnaður vegna framlaga í iðgjaldatengd lífeyriskerfi er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

h) *Skuldbindingar*

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar félaginu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

i) *Tekjur*

Tekjur af sölu og dreifingu á raforku og heitu vatni eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu vöru eða þjónustu.

j) *Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld*

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum, tapi af afleiðusamningum og virðisrýrnun fjáreigna. Lántöku-kostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaður eða tap vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er fært nettó.



3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

k) Tekjuskattur

Tekjuskattur á afkomu tímabilsins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsteggi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsteggi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Tekjuskattseignin er metin á hverjum uppgjörsteggi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

l) Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útstandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem fyrirtækið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

m) Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspáttur er hluti samstæðunnar sem fæst við viðskipti og er fær um að afla tekna og stofna til gjalda, að meðtöldum tekjum og gjöldum vegna viðskipta við aðra hluta samstæðunnar. Afkoma allra starfspátta samstæðunnar er reglulega yfirfarin af forstjóra til að ákvarða hvernig eignum hennar er skipt á starfspætti og til að meta frammistöðu þeirra.

Viðskipti milli starfspátta eru verðlögð eins og um óskylda aðila væri að ræða.

Rekstrarafkoma starfspátta, eignir og skuldir þeirra samstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfspátt, auk þeirra liða sem hægt er að skipta skynsamlega niður á starfspætti. Liðir sem ekki eru flokkaðir með einstökum starfspáttum eru aðallega fjárfestingar og tengdar tekjur, lántökur og tengdur kostnaður, sameiginlegar eignir og tengdur kostnaður, auk frestaðs tekjuskatts.

Fjárfestingar starfspátta eru kaup á rekstrarfjármunum.

p) Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim

Samstæðan hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest í árslok 2009 og eiga við um starfsemi hennar. Samstæðan hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi eftir árslok 2009, en heimilt er að taka upp fyrr. Áhrif þess á reikningsskil samstæðunnar hafa ekki verið metin að fullu en talið er að þau séu óveruleg.



4. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningskilaaðferðir og skýringar félagsins krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað, bæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur gangvirðis eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir eða skuldir.

a) *Varanlegir rekstrarfjármunir*

Gangvirði varanlegra rekstrarfjármuna sem yfirteknir eru við samruna miðast við markaðsvirði. Markaðsvirði fasteigna er sú fjárhæð sem unnt er að fá við sölu í viðskiptum milli ótengdra, viljugra og upplýstra aðila. Gangvirði annarra rekstrarfjármuna er byggt á markaðsverði sambærilegra eigna.

Gangvirði framleiðslukerfa sem sætt hafa sérstöku endurmati er ákvarðað út frá tekjuvirði viðkomandi eignar. Það felur í sér að lagt er mat á tekjustrauma af viðkomandi eign og þeir núvirtir. Gangvirði rekstrarfjármuna dreifiveitunnar sem einnig hafa sætt sérstöku endurmati er ákveðið í samræmi við nýtingarvirði rekstrarfjármunanna. Dreifiveitunni eru sett ákveðin tekjumörk sbr. skýringu nr. 5 hér á eftir. Ákveðið er að hagnaður fyrir fjármagnskostnað og skatta skuli reiknast sem tiltekin ávöxtun á bókfært verð þeirra rekstrarfjármuna sem nauðsynlegir eru til að reka dreifiveituna. Jafnframt er ákveðið að arðsemishlutfallið svari til markaðsvaxta. Það mat á rekstrarfjármunum sem þessir útreikningar byggjast á endurspegla því raunverulegt verðmæti þeirra þ.e nýtingarvirði þeirra og er gangverð rekstrarfjármuna dreifiveitunnar ákveðið í samræmi við það.

b) *Fjárfestingar í hlutabréfum*

Gangvirði fjáreigna, þar sem gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning, er fundið með hliðsjón af markaðsverði þeirra á uppgjörssdegi.

c) *Viðskiptakröfur og aðrar kröfur*

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna er metið á núvirði vænts framtíðargreiðsluf læðis, sem afvaxtað er á markaðsvöxtum uppgjörssdags.

d) *Afleiður*

Gangvirði afleiða er byggt á skráðu markaðsvirði þeirra, ef til er. Ef markaðsverð er ekki til, er gangvirðið fundið með viðurkenndum matsaðferðum.

